

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 2. tbl. 6. árg. 19. janúar 2012

Myndir augnbliksins eru teknar af heimasíðu Flúða frá söngsal en þar komu börnin saman á sal og sungu vetrartengd lög.



## Sumarlokun leikskóla í Akureyrarbæ 2012

Skólanefnd hefur samþykkt að sumarlokun leikskóla 2012 verði í tveimur tímabilum. Fyrra tímabilið verður frá 25. júní til 20. júlí og seinna tímabilið verður frá 9. júlí til 3. ágúst. Skólanefnd samþykkti að þetta fyrir-komulag verði sett upp til þriggja ára þar sem leikskólum er raðað niður á tímabilin. Þessi niðurstaða skólanefndar tekur mið af umsögnum sem bárust frá starfsmönnum leikskóla og foreldraráðum auk þess sem horft var til niðurstaðna foreldrakönnunar frá vori 2011

Hér má sjá tímabilin og hvenær hvaða skóli er lokaður.

### Sumarlokun leikskólanna á Akureyri 2012 – 2014

*Leikskólar eru lokaðir 20 virka daga*

#### Sumarlokun 2012

25. júní - 20. júlí

Iðavöllur – Naustatjörn – Krógaból – Síðusel – Holtakot - Tröllaborgir

9. júlí – 3. ágúst

Flúðir – Pálmholt – Lundarsel – Hólmasól - Kiðagil - Sannuból

#### Sumarlokun 2013

24. júní - 19. júlí

Flúðir – Pálmholt – Lundarsel – Hólmasól - Kiðagil - Sannuból

8. júlí – 2. ágúst

Iðavöllur – Naustatjörn – Krógaból – Síðusel – Holtakot - Tröllaborgir

#### Sumarlokun 2014

23. júní - 18. júlí

Iðavöllur – Naustatjörn – Krógaból – Síðusel – Holtakot - Tröllaborgir

7. júlí – 1. ágúst

Flúðir – Pálmholt – Lundarsel – Hólmasól - Kiðagil - Sannuból

## Skólaskýrsla 2011 á rafrænu formi.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er komin út Skólaskýrsla 2011 á rafrænu formi. Markmið með skýrslunni er að birta tölulegar upplýsingar um skólamál og gera þær aðgengilegar. Í skýrslunni er bæði fjallað um leikskóla og grunnskóla og er þar að finna ýmsar magntölur yfir nemendur, skóla, starfsfólk og rekstrarkostnað. Í höfuðdráttum er gerð grein fyrir starfsemi hvors skólastigs um sig árið 2010 og að auki birtar upplýsingar aftur í tímann eins og kostur er. Tölulegar upplýsingar ná til málaflokkanna á landsvisu en einnig eru þeim gerð skil eftir landshlutum og eru að nokkru leyti flokkaðar eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Einnig má finna lykiltölur fyrir hvert sveitarfélag á töflum aftast í skýrslunni. Að auki er að finna ýmsan fróðleik um skólamál frá öðrum sviðum sambandsins.

Skýrsluna vann Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sjá má skýrsluna hér: [http://www.samband.is/media/skolamal/skyrsla\\_skolamal\\_2011.pdf](http://www.samband.is/media/skolamal/skyrsla_skolamal_2011.pdf)

## Námsgagnastofnun.

Á vef Námsgagnastofnunar er kvatt til átaks í yndislestri og þar má finna ýmislegt efni til lestrar: þjóðsögur og ævintýri, ljóðasöfn, sigildar sögur á léttu máli, endursagnir og hljóðbækur á vef sem er opin öllum til niðurrhals. Sjá nánar á <http://www.nams.is/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrúsey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Skólafest Akureyrarbæjar.

Áherslur úr skólafestu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

### Viðmið um gæði

**Markmið:** Nemendur byggja upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efla frumkvæði og örvi sköpunargleði.

### Í góðum skóla...

- eru miklar væntingar um árangur.
- vita nemendur um ábyrgð sína og skyldur.
- vinna nemendur af metnaði með jákvæða framtíðarsýn.
- er vinnusemi og frammistaða nemenda metin á kerfisbundin hátt.
- eru nemendur meðvitaðir um að nýta vel allt efni sem unnið er með og fara vel með bækur og námsgögn.

## Fréttir úr Kiðagili.

Í síðustu viku voru vetrarleikar í Kiðagili þá var farið í ýmsa leiki og þrautir í snjónum og einnig farið í Hlíðarfjall. Ekki þurfti að kvarta undan snjóleysi. Þar renndu börnin og starfsfólkið sér á snjóbotum, æfðu sig að standa á töfrateppinu og renna sér í gegnum boga. Hér má sjá skemmtilegar myndir frá vetrarleikunum. Greinilegt er að börnin láta snjóinn ekki fara í taugaranar á sér og njóta þess að leika sér í honum.



## Tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum.

Ytra mat á leik- og grunnskólum er lögbundið verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélaga. Vorið 2011 lagði faghópur um ytra mat fram tillögu um útfærslu á ytra mati á grunnskólum, sameiginlegu verkefni ráðuneytis og sveitarfélaga. Lagði hópurinn til að í tilraunaskyni yrði tillagan prófuð með þátttöku sex skóla. Haustið 2011 hófst undirbúningur að verkefninu og ráðnir voru sérfræðingar til að annast útfærslu á tillögum faghóps, s.s. gerð viðmiða, siðareglna og leiðbeininga fyrir matsaðila.

Tilraunaverkefnið hófst í byrjun janúar 2012 og mun það standa yfir fram í júní nk. Eftirfarandi sveitarfélög og skólar taka þátt:

- Hofstaðaskóli í Garðabæ
- Viðistaðaskóli í Hafnarfirði
- Auðarskóli í Dalabyggð
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Lundarskóli á Akureyri
- Valsárskóli í Svalbarðsstrandarhreppi

Tveggja manna matsteymi metur hvern þátttökuskóla. Ráðnir voru tveir matsaðilar til þeirra starfa og metur hvor um sig þrjá skóla. Viðkomandi sveitarfélög hafa tilnefnt fulltrúa til að vinna með þeim í matsteymi. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Viðmið um gæði í skólustarfi sem liggja til grundvallar mati á skólunum hafa verið sett á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og eru aðgengileg á:

<http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/mat-efirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/>

## Heiðurskonur kvaddar á Hólmasól.

Á dögnum létu af störfum þær Kristín Sveinsdóttir, Dódó, og Jófríður Traustadóttir, Jófý, eftir áratuga starf með börnum. Báðar voru þær með frá opnun Hólmasólar og létu að störfum sökum aldurs. Báðar hafa þær helgað líf sitt vinnu með börnum á einn eða annan hátt, Dódó á róló og síðar leikskólum og Jófý bæði í skátum og leikskólum.